

Mánudaginn 20. mars 1989.

Nr. 342/1988. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Guðjóni Erni Aðalsteinssyni

(Jón Hjaltason hrl.).

Fiskveiðibrot. Ákæra.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. október 1988 að ósk ákærða og jafnframt af ákærvaldsins hálfu til refsipýngingar og upptöku á veiðarfærum og afla samkvæmt 3. mgr. 17. gr. laga nr. 81/1976. Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti var af hálfu ákærvalds fallið frá kröfu um upptöku veiðarfæra.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fram í Hæstarétti.

Svo sem fram kemur í héraðsdómi urðu mistök í sjávarútvegsráðuneytinu við útgáfu leyfis 2. maí 1988 handa mb. Sigurbjörgu, VE-62, til langlúruveiða, að því er varðar gildistíma leyfisins. Þegar leyfi þetta var gefið út var í gildi leyfi skipstjóra bátsins til dragnótaveiða, er gefið var út 2. mars 1988, með gildistíma til 1. júní 1988. Ekki var þess getið í hinu nýja leyfi frá 2. maí að hið fyrri væri fellt úr gildi, en í tilkynningu, sem send var Landhelgisgæslunni þann dag og lögð hefur verið fyrir Hæstarétt, er sagt að dragnótaleyfið sé fellt úr gildi. Jafnframt er þar tekið fram að leyfið til langlúruveiða gildi til 1. júní 1988.

Hvað sem líður mistökum ráðuneytis við útgáfu leyfisins 2. maí 1988 bar ákærða að kynna sér efni þess, m.a. gildistíma. Veiðar hans 7. júlí 1988 verða því ekki réttlættar með því að hann hafi ekki lesið leyfið sem gefið var út rúmlega tveimur mánuðum áður. Leyfi hans til almennra dragnótaveiða hafði og eftir orðanna hljóðan einungis gildi til 1. júní 1988. Þegar komið var að ákærða við dragnótaveiðar 7. júlí 1988 hafði hann því ekkert gilt veiðileyfi. Samkvæmt þessu ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um sak-

fellingu ákærða. Hefur hann brotið gegn 2. mgr. 2. gr. og 13. gr. laga nr. 81/1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. 20. gr. laga nr. 3/1988, um stjórn fiskveiða 1988-1990, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 299/1975, um fiskveiðilandhelgi Íslands, og lög nr. 44/1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, sbr. lög nr. 45/1974, um breyting á þeim lögum. Í ákæru er ekki vísað til 13. gr. laga nr. 81/1976, sbr. 20. gr. laga nr. 3/1988, sem síðast breytti lagagrein þessari, en samkvæmt henni féll 2. mgr. 13. gr. niður. Í ákærunni er hins vegar vísað til 2. gr. laga nr. 118/1984 sem breytti 1. mgr. 13. gr. og var sama efnis og ákvæði það er nú gildir. Þetta þykir því ekki standa í vegi fyrir því að dómur verði lagður á málið, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála.

Samkvæmt vottorði Seðlabanka Íslands 13. mars sl., þegar mál þetta var dómtekið, jafngilda 100 gullkrónur 3.121,56 krónum.

Með hliðsjón af 1. tl. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 17. gr., og 21. gr. laga nr. 81/1976 þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin sekt í Landhelgissjóð Íslands, 130.000,00 krónur, en vararefsing ákveðst varðhald 55 daga.

Staðfest er ákvæði héraðsdóms um upptöku afla mb. Sigurbjargar, VE-62.

Óraskað skal ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og ákærði verður einnig dæmdur til greiðslu áfrýjunarkostnaðar málsins, svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Guðjón Örn Aðalsteinsson, greiði 130.000,00 krónur í sekt til Landhelgissjóðs Íslands innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi 55 daga.

Staðfest er ákvæði héraðsdóms um upptöku afla mb. Sigurbjargar, VE 62.

Staðfest er ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað. Ákærði greiði áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun, í ríkissjóð, 50.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, 50.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 12. júlí 1988.

I.

Dómkröfur o.fl.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er höfðað hér fyrir sakadómnum með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 8. þ.m., á hendur Guðjóni Erni Aðalsteinssyni, Illugagötu 45, Vestmannaeyjum, skipstjóra á Sigurbjörgu, VE62, skipshafnarnúmer 1543, „fyrir fiskveiðibrot með því að hafa árdegis fimmtudaginn 7. júlí 1988 án tilskilins leyfis sjávarútvegsráðuneytisins til dragnótaveiða verið á dragnótaveiðum á skipinu, sem er 29 brúttórúmllestir og 17.31 lengdarmetri, í fiskveiðilandhelgi Íslands skammt undan Kötlu-tanga. Brot ákærða telst varða við 2. mgr. 2. gr., sbr. 1. mgr. 1. tölul., sbr. 2. mgr. 17. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 81/1976, sbr. 2. gr. laga nr. 118/1984, um breyting á þeim lögum, sbr. 1. gr. reglugerðar um fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 299/1975, lög nr. 44/1948 og lög nr. 45/1974, um breyting á þeim lögum.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar samkvæmt framangreindum lagaákvæðum, til að sæta samkvæmt 3. mgr. 17. gr. laga nr. 81/1976, upptöku á veiðarfærum skipsins svo og öllum afla innan borðs og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Við meðferð málsins hér fyrir dómnum neitaði ákærði sakargiftum, en tók ekki sérstaklega til varna í málinu.

II.

Málsatvik.

Síðdegis 7. júlí sl. barst embætti bæjarfógetans í Vestmannaeyjum tilkynning frá stjórnstöð Landhelgisgæslu Íslands um að gæsluþyrlan TF-Sif hefði staðið mb. Sigurbjörgu, VE 62, að ætluðum ólöglegum dragnótaveiðum undan Kötlu-tanga þá fyrr um daginn og hefði skipherra fyrirskipað skipstjóranum á umræddu skipi að hífa inn veiðarfærin og halda til Vestmannaeyja, þar sem mál hans yrði tekið til rannsóknar og meðferðar. Var óskað eftir því af hálfu gæslunnar að embættið gerði viðeigandi ráðstafanir er skipið kæmi til hafnar og jafnframt var tilkynnt að skýrsla skipherrans á gæsluþyrlunni bærisk embættinu bréflega næsta dag.

Formleg rannsókn í málinu hófst síðan með skýrslutöku lögreglu og rannsókn fyrir sakadómi 8. júlí sl. Í skýrslu skipherrans á TF-Sif, Sigurðar Steinars Ketilssonar, segir:

„Hinn 7. júlí stóð gæsluþyrlan TF-Sif mb. Sigurbjörgu, VE-62 (skipask. nr. 1543), að meintum ólöglegum dragnótaveiðum undan Kötlu-tanga en báturinn hafði ekki tilskilin leyfi til slíkra veiða. Skipstjóri Guðjón Örn Aðalsteinsson, fæddur 10.11.1950, til heimilis að Illugagötu 45, Vestmannaeyjum.

Nánari atvik voru sem hér segir:

Fimmtudaginn 7. júlí var TF-Sif á eftirlitsflugi úti fyrir Suðurlandi.

Kl. 10.42 var komið að mb. Sigurbjörgu, VE 62, þar sem báturinn var að dragnótaveiðum grunnt undan Köt lutanga. Báturinn hafði ekki leyfi samkvæmt veiðileyfiskrá þýrlunnar og var þá haft samband við stjórnstöð Landhelgisgæslunnar, og hann ekki heldur á veiðileyfaskrá þar.

Kl-10:44 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun yfir bátnum: 63 21'78 N — 18 46'15 V, samtímis var mæld fjarlægð í fjöruborðið 1,8 sjóml. Togaði báturinn þá í vestlæga stefnu.

Kl-10:52 var kallað í bátinn á rás 16/6 VHF var skipstjórinn spurður um útgáfudag og gildistíma á veiðileyfi hans.

Kl-10:56 sagði skipstjórinn að það hefði verið útgefið 2/5 '88 og væri útrunnið. Kl-14:16 hringdi skipstjórinn í síma þýrlunnar og sagði að hann hefði lesið upp úr röngu leyfisbréfi. Það veiðileyfi sem hann fékk úthlutað síðast var útgefið 2/3 '88 og hefði verið í gildi til 1/6 '88.

Kl-10:59 var skipstjóranum fyrirskipað að hífa inn veiðarfærin, þar sem hann hefði verið staðinn að meintum ólöglegum veiðum og ætti hann að halda til Vestmannaeyja, þar sem mál hans yrði rannsakað nánar. Sagðist hann verða þar eftir 5½ klst.

Staðarákvarðanir voru gerðar með LORAN C af gerðinni ONI - 7000 og ratsjá af gerðinni BENDIX 1400 C, af Benóný Ásgrímssyni flugstjóra, Jakobi Ólafssyni flugmanni og undirrituðum.

Veður: hægviðri og skýjað.

Sig Steinar Ketilsson (sign)
skipherra.“

Við rannsókn málsins hér fyrir dóminum kvaðst ákærði viðurkenna að hafa verið á dragnótaveiðum undan Köt lutanga eins og tilgreint væri í skýrslu Sig. Steinars Ketilssonar skipherra. Ákærði kvaðst enn fremur ekki gera athugasemdir við staðarákvarðanir þær sem áhöfn gæsluþýrlunnar TF-Sifjar hefði gert og sýndu stað skips hans, Sigurbjargar, VE-62, við veiðarnar. Hann kvaðst hins vegar neita því að hafa verið á ólöglegum veiðum í umrætt sinn. Hann kvaðst með engu móti gera sér grein fyrir né skilja að um ólöglegar veiðar væri að ræða, enda hefði hann sótt um leyfi til sjávarútvegsráðuneytisins 2. maí 1988 og fengið þá leyfi út gefið, en þar sem hann hafi ekki lesið leyfið eftir að það var út gefið, fyrr en gæsluþýrlan hafði afskipti af veiðum hans, þá hafi hann ekki gert sér grein fyrir að leyfið var útrunnið er það var gefið út.

Meðal málskjala er leyfi til dragnótaveiða, út gefið af sjávarútvegsráðuneytinu 2. mars 1988, með svofelldu upphafsákvæði:

„Leyfi til dragnótaveiða 1988.

Með tilvísun til 20. gr. laga nr. 3, 8. desember (sic) 1988, vill ráðuneytið hér með leyfa skipstjóranum á m.b. Sigurbjörgu VE 62 (1543) að stunda dragnótaveiðar innan fiskveiðilandhelgi Íslands.“ Enn fremur segir í sama leyfisbréfi:...

— — —

III. Leyfisbréf þetta gildir frá 1. janúar 1988 til 1. júní 1988.

Leyfisbréf þetta geymist um borð í bátnum.

Gjald 5.400,00 krónur

Greitt:

F.h.r.

e.u.

Þórður Eypórsson (sign., stimplað).“

Leyfi það, sem út gefið er 2. maí 1988 og til er vitnað hér að framan og einnig er meðal málskjala, er svohljóðandi:

„Leyfi til langlúruveiða

Með tilvísun til 15. gr. laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, leyfir ráðuneytið m.b. Sigurbjörgu VE 62 (1543) að stunda tilraunaveiðar á langlúru í dragnót með 120 mm lágmarksmöskvastærð. Veiðarnar eru heimilaðar við suðurströndina. Að austan markast svæðið af línu, sem dregin er réttvísandi austur frá Eystrahorni. Að vestan markast svæðið af línu, sem dregin er réttvísandi vestur frá Garðskaga. Leyfið er bundið eftirfarandi skilyrðum og áskilur ráðuneytið sér rétt til breytinga á þeim og til setningar nýrra.

— — —

8. Leyfi þetta gildir frá 10. febrúar til 10. apríl 1988.

Gjald: 5.400,00 krónur.

F.h.r.

e.u.

Þórður Eypórsson (sign., stimplað).“

Ákærði kvaðst líta svo á að hann hefði fullgilt leyfi til þeirra veiða er hann var að stunda. Er hann hafi sótt um leyfið frá 2. maí 1988 hafi hann verið með venjulegt dragnótaveiðileyfi fyrir sem hljóðað hafi upp á 135 mm möskva. Dragnótaveiðileyfi til langlúruveiða, sem gildi fyrir veiðar á svokallaðri „lemmasól“, þ.e. þykkvalúru, tilgreini þéttriðnari möskva, þ.e. 120 mm. Þegar hann hafi sótt um leyfið 2. maí 1988 hafi það verið til veiða á þykkvalúru. Ákærði kvaðst viðurkenna að það hefði verið athuga-

leysi hjá sér að lesa ekki niðurlag leyfisbréfs ráðuneytisins frá 2. maí 1988. Þegar hann hafi sótt leyfið á pósthúsið, hafi hann ekki átt von á öðru en hann hafi verið með fullgilt leyfi í höndunum. Þegar áhöfn gæsluþyrlunnar hafi haft samband við sig og kallað eftir gildandi leyfi frá sér hafi hann fyrst lesið upp úr leyfisbréfinu frá 2. maí 1988 og það hafi verið útrunnið. Hann kvaðst síðan hafa farið að athuga málin betur og séð að leyfisbréfið, sem hann hafi verið að lesa upp úr og verið efst hjá sér í skipsskjalamöppunni, hafi verið útrunnið þegar honum hafi verið veitt það. Hann kvað það rétt vera að hann hefði eftir þetta hringt í síma gæsluþyrlunnar og sagt frá leyfisbréfinu sem hafi verið út gefið 2. mars 1988 og með gildistíma til 1. júní 1988. Var á ákærða að skilja að hann hefði í athugaleysi í þessu samtali sagt að hann hefði lesið upp úr röngu leyfisbréfi í fyrra samtali og sömuleiðis hefði það verið vitleysa hjá sér að tilgreina leyfisbréfið frá 2. mars 1988 sem það leyfisbréf er síðast hafi verið úthlutað sér. Ákærði kvað sér hins vegar finnast það skrítið, að sér skuli vera veitt leyfi, sem sé svo útrunnið. Ákærði kvaðst engar athugasemdir hafa gert við það að sér hafi verið fyrirskipað að hífa inn veiðarfærin og halda til hafnar, enda séð að eitthvað hlaut að vera að. Hann kvaðst hins vegar enga grein hafa gert sér fyrir því að hann hefði verið þarna að ólöglegum veiðum. Ákærði sagði að þegar gæsluþyrlan hefði haft afskipti af veiðum sínum hefði hann verið með svokallaða fiskivoð sem sé með stærri riðli, þ.e. 135 mm möskva. Hún hafi hins vegar glatast á leið til hafnar, eftir að gæsluþyrlan hafði haft afskipti af veiðum sínum. Ákærði sagði að það hefði borið þannig að að eftir að búið var að draga voðina inn fyrir borðstokkinn hafi hann hringt í þyrluna og látið vita að búið væri að draga veiðarfærin inn og báturinn lagður af stað til hafnar. Á meðan þessu hafi farið fram hafi áhöfnin gert voðina klára til köstunar eins og vani sé að gera þegar búið sé að hífa. Þegar voðin sé þannig orðin klár sé fyrri vængur umhalaður, pokinn settur upp á lunninguna svo að léttara sé að velta honum út þegar vængurinn fari í köstun. Á heimkeyrslu hafi pokinn dottið út og því sé veiðarfærið glatað. Ákærði sagði að enginn hefði orðið var við það að veiðarfærið væri glatað fyrr en komið var inn í höfnina. Ákærði sagði að fiskivoðin, sem hann hafi tapað með fyrrgreindum hætti eins og að framan greini, hafi verið með 135 mm möskva og hafi kostað, er hún var keypt ný fyrir rúmu ári 150.000,00 krónur. Ákærði sagði, að í umræddri veiðiferð hefði 120 mm voðin ekki verið um borð, þar sem hún hefði legið uppi á bryggju í Vestmannaeyjahöfn. Ákærði sagði að eftir að hann kom í land úr hinni kærðu veiðiferð, hefði hann hringt í Þórð Eypórsson í sjávarútvegsráðuneytinu og samkvæmt beiðni sinni hefði hann fengið leyfi til að hefja drag-nótaveiðar frá 8. júlí 1988, en Þórður hefði verið ófánlegur til að láta leyfið gilda aftur í tímann.

Vitnið Jón Gísli Jónsson, vélstjóri á mb. Sigurbjörgu, VE-62, staðfesti að þeir hefðu verið á dragnótaveiðum er gæsluþyrflan hafði afskipti af þeim. Eftir það hafi veiðarfærin verið tekin inn í gegnum blökk. Pokinn hafi síðan verið tekinn fram og leyst úr honum og síðan hafi verið híft inn á þilfar. Pokinn og belgurinn hafi síðan verið settir upp á lunninguna og annar vængur halaður yfir. Vitnið taldi víst að ástæðan til þess, að veiðarfærin hafi farið í sjóinn, hafi verið sú að pokinn og belgurinn hafi legið of tæpt á lunningunni. Á heimkeyrslunni kvaðst vitnið, ásamt hásetunum, hafa verið í koju og þeir því ekki frekar en vitnið til frásagnar um það þegar veiðarfærin fóru í sjóinn.

Vitnið Þórður Eypórsson, deildarstjóri í sjávarútvegsráðuneytinu, kom einnig fyrir réttinn og greindi frá leyfisveitingum ráðuneytisins í þessu sambandi. Um leyfið til langlúruveiða, út gefið 2. maí 1988, sagði vitnið, að hjá ráðuneytinu hefðu orðið mistök við útgáfuna. Sagði vitnið að mistökin hefðu verið fólgin í því, að sent hefði verið út leyfisbréf, sem í rauninni hefði verið marklaust þar sem það hafði engan gildistíma. Vitnið sagði að þessi misheppnuðu leyfi hefðu farið til allra þeirra er langlúruleyfi hefðu haft, þ.e. um það bil tíu útgerða að því er vitnið taldi. Vitnið sagði að einn leyfishafinn hefði haft samband við sig og bent sér á villuna. Kvaðst vitnið hafa strax haft samband við starfsfólk sitt og óskað eftir því að þetta yrði leiðrétt strax þannig að sendar yrðu leiðréttingar öllum viðkomandi aðilum, og kvaðst vitnið ekki vita annað en svo hefði verið gert. Í þessu sambandi benti vitnið á að allir langlúrubátarnir séu með leyfisbréf sem gildi á sama tíma og séu gefin út til skamms tíma í senn, venjulega í tvo mánuði. Vitnið sagði að leiðréttingin hefði verið fólgin í því að leyfið gildi til 1. júní. Vitnið sagði að bátarnir, sem stunduðu langlúruveiðarnar, hefðu hafið veiðar 10. apríl og hefði gildistíminn eftir leiðréttingu þá verið frá 10. apríl til 1. júní. Vitnið sagði að ákærði hefði komið inn í þetta tímabil. Hann hefði sótt um leyfi 2. maí og það væri útgáfudagurinn og hefði því gildistíminn átt að vera frá 2. maí til 1. júní. Undantekningarlaust væri, sagði vitnið, að ráðuneytið tilkynnti Landhelgisgæslunni strax og leyfisveiting færi fram og skipti þá ekki máli hvort það væri til þessara veiða eða annarra. Vitnið sagði að í seinni tíð hefðu slíkar tilkynningar verið sendar á telex, fyrst kæmu almennar upplýsingar um skipið, nafn, númer o.þ.h., og síðan væri tilgreint hvaða veiðileyfi skipið fengi. Vitnið sagði, að Landhelgisgæslunni væri enn fremur sent sýnishorn af viðkomandi leyfisbréfi þegar veiðileyfi væri gefið út að nýju og breytingar verið gerðar á reglum sem þar séu greindar. Að því er varðaði þetta mál sérstaklega, taldi vitnið samkvæmt skýrslu Landhelgisgæslunnar ljóst að þeir hefðu verið að kanna áður en lengra væri haldið hvort einhver misbrestur hefði orðið í þessari tilkynningu og báturinn væri með leyfi, en það hefði ekki borist réttum

aðilum, einhverra hluta vegna. Að því er tæki til umrædds langlúruveiðileyfis, taldi vitnið að gæslunni hefði verið tilkynnt um það að leyfi ákærðinna skipa hefði verið framlengt um tiltekinn tíma til 1. júní, en ekki verið sent eintak af leyfisbréfinu sjálfu vegna þess að ekki hefðu orðið neinar breytingar á reglum leyfisins á milli tímabila. Þá sagðist vitnið telja að ráðuneytið hefði tilkynnt Landhelgisgæslunni að mb. Sigurbjörg, VE-62, hefði veiðileyfi til langlúruveiða til 1. júní 1988. Vitnið sagði að þessi svokölluðu sérleyfi til tilraunaveiða væru gefin út til skemmri tíma en almennu leyfin og venjulegast í um það bil tvo mánuði. Hins vegar væri það undantekningarlaust að umsókn þyrfti að koma frá viðkomandi skipi til þess að hægt væri að gefa út leyfin. Slík umsókn bæriskt ráðuneytinu annaðhvort símléiðis eða með skeytum og bréfum. Vitnið sagði að við veiðar á þykkvalúru (lemmasól) væru notuð sömu veiðarfæri og við langlúruveiðar, þ.e.a.s. 120 mm möskvastærð, sem sé lágmarksmöskvastærð, og var á vitninu að skilja að þess vegna hefði ákærða verið veitt leyfi til langlúruveiða þegar hann hefði sótt um leyfi til veiða á þykkvalúru. Vitnið sagði að ekki væru til neinar skráðar reglur um það hvernig ætti að haga aðferðinni við leyfisveitingarnar, heldur hefðu um það myndast í ráðuneytinu ákveðnar verklagsreglur.

III.

Niðurstaða.

Óumdeilt er í máli þessu að þegar gæsluþyrilan TF - Sif kom að skipi ákærða fimmtudaginn 7. júlí sl. var ákærði með skip sitt á almennum dragnótaveiðum undan Kötlutanga.

Sá er stundar dragnótaveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, þarf að hafa aflað sér heimildar til slíkra veiða, sbr. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 81/1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Samkvæmt 13. gr. sömu laga, eins og henni er breytt með 2. gr. laga nr. 118/1984 og 20. gr. laga nr. 3/1988, um stjórn fiskveiða 1988 - 1990, er slík heimild veitt með sérstökum leyfum sjávarútvegsráðherra. Með 3. gr. síðasttalinna laga er áréttað að sérstakt veiðileyfi þurfi til þess veiðiskapar er hér um ræðir. Upplýst er í málinu og óumdeilt að ákærði gat ekki framvísað slíku veiðileyfi er skipherra gæsluþýrlunnar kallaði eftir slíku veiðileyfi hjá ákærða, en skip ákærða Sigurbjörg, VE-62, var ekki á veiðileyfaskrá þýrlunnar né hafði stjórnstöð Landhelgisgæslunnar skipið á slíkri veiðileyfaskrá. Þá er enn fremur óumdeilt að til að öðlast leyfi til almennra dragnótaveiða þyrfti ákærði að sækja um það sérstaklega til sjávarútvegsráðuneytisins. Leyfi til almennra dragnótaveiða eru gefin út tvisvar á ári með gildistíma frá 1. janúar til 1. júní og frá 1. júní og út árið. Að jafnaði kalla þeir, er stunda dragnótaveiðar, eftir slíku leyfi í ársbyrjun og er þá gildistími leyfanna miðaður við það

og fram á mitt ár eins og að framan greinir. Ákærði, sem að mati sjávarútvegsráðuneytisins uppfyllti skilyrði til að fá út gefið leyfi til veiða með venjulegri dragnót, sótti um slíkt leyfi 2. mars 1988 og gildi leyfið til 1. júní s.á. Ákærði hélt áfram að stunda veiðar með venjulegri dragnót þótt veiðileyfi hans rynni út 1. júní sl. og hinn 7. júlí sl. er ákærði var með skip sitt á dragnótaveiðum undan Kötlutanga, var veiðileyfi hans löngu útrunnið. Með því gerðist ákærði brotlegur gegn 2. mgr. 2. gr. laga 81/1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og að framan greinir.

Þótt ákærði hafi sótt um leyfi til veiða í tilraunaskyni 2. maí sl. og sú leyfisveiting hafi mistekist í höndum ráðuneytisins skiptir það ekki máli í þessu sambandi, enda er upplýst í málinu að leyfi þetta hefði aldrei, þótt rétt hefði verið að útgáfunni staðið, framlengt gildistíma leyfisins frá 2. mars sl. og áður er um getið. Ákærða, sem um árábil hafði stundað dragnótaveiðar á skipi sínu, Sigurbjörgu, VE-62, er hann gerir sjálfur út, gat ekki dulist að hann þurfti að sækja um leyfi til veiðanna, enda bar honum skylda til að hafa viðkomandi leyfi um borð í skipi sínu og fylgjast með gildistíma þess, en eins og að framan greinir sinnti ákærði einmitt ekki þeirri skyldu sinni.

Samkvæmt þessu verður eigi talið að refsilækkunarsjónarmið 3. tl. 74. gr. laga nr. 19/1940 eigi hér við, enda er hvorki um að ræða afsakanlega vanþekkingu ákærða né aðra lögvilla (error juris) í skilningi nefnds lagaákvæðis.

Huglægum refsiskilyrðum telst fullnægt í máli þessu, enda hlaut ákærða að vera ljóst í samræmi við ofanritað hverjar afleiðingar það hefði í för með sér ef hann væri á dragnótaveiðum án tilskilins leyfis.

Í samræmi við það, sem hér að framan greinir, þykir nægilega sannað að ákærði hafi árdegis fimmtudaginn 7. júlí 1988 sem skipstjóri á mb. Sigurbjörgu, VE-62, sem ber skráningarnúmerið 1543 og er 29 brúttórúmllestir og 17.31 lengdarmetri, verið á dragnótaveiðum á skipinu í fiskveiðilandhelgi Íslands skammt undan Kötlutanga án tilskilins leyfis sjávarútvegsráðuneytisins til dragnótaveiða og gerst þannig sekur um fiskveiðibrot. Hegðun ákærða er réttilega lýst í ákæruskjali ríkissaksóknara og hún þar færð til rétttra refsilagaákvæða.

Í vottorði Seðlabanka Íslands, dags. 8. júlí sl., segir svo: „Samkvæmt gullgildi 8. júlí 1988 jafngilda 100 gullkrónur 2.724,81 krónu, tvö þúsund sjö hundruð tuttugu og fjórum 81/100.“

Ákærði, Guðjón Örn Aðalsteinsson, er sakhæfur. Hann er fæddur 10. nóvember 1950 í Reykjavík og hefur sætt á tímabilinu frá 1966 til 1976 átta sinnum sektarrefsingu fyrir ölvun.

Með dómsátt í Vestmannaeyjum 28. apríl 1967 undirgekkst ákærði 350,00 króna sektarrefsingu fyrir brot gegn 1. mgr. 256. gr. almennra

hegningarlaga og í Reykjavík 1969 var ákæru frestað skilorðsbundið í tvö ár frá 20. nóv. 1969 fyrir brot gegn 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga. Loks samþykkti ákærði í dómsátt í Reykjavík 18. des. 1969 að greiða 3.000,00 krónur í sekt fyrir brot gegn 25. og 27. gr. umferðarlaga og sæta ökuleyfisssviptingu í þrjá mán. frá 18. desember 1969. Að öðru leyti hefur ákærði samkvæmt vottorði frá sakaskrá ríkisins, er frammi liggur í málinu, ekki sætt kærnum né refsingum svo að vitað sé.

Samkvæmt refsíákvæðum þeim, sem í ákæruskjali greinir, og með hliðsjón af stærð mb. Sigurbjargar, VE-62, og þegar atvik málsins í heild sinni eru virt, þar með talin góð framkoma ákærða hér fyrir dóminum, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin sekt, 110.000,00 krónur til Landhelgisgæslu Íslands og komi 55 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Afli mb. Sigurbjargar, VE-62, var metinn til peningaverðs af dómkvöddum matsmönnum, þeim Sigurði Inga Ingólfssyni netagerðarmeistara og Georg Kristjánssyni verkstjóra, og staðfestu þeir mat sitt hér fyrir dóminum og komust að svofelldri niðurstöðu í mati sínu:

Fiskafli:

4½ tonn sem skiptist þannig:

800 kg ýsa, 38.81 pr. kg	kr. 31.048,00
600 — þorskur, 40.26 pr. kg	— 24.156,00
500 — steinbítur, 21.26 pr. kg	— 10.630,00
360 — ufsi, 17.34 pr. kg	— 6.242,00
2.240 — koli, 19.29 pr. kg	— 43.209,00
Samtals	kr. 115.285,00

Hinir dómkvöddu matsmenn upplýstu að er skipið kom til hafnar hefðu engin veiðarfæri verið um borð og við rannsókn málsins hér fyrir dóminum hefur ákærði borið að veiðarfærið hafi sér glatast á heimsiglingu eftir að Landhelgisgæsluþyrilan TF-Sif hafði afskipti af veiðum hans er skipið var undan Kötlutanga. Telur ákærði að veiðarfærið sé sér algjörlega glatað. Ekkert er fram komið í málinu sem hnekkir þessari fullyrðingu ákærða og verður því að líta svo á að upptöku á veiðarfærum mb. Sigurbjargar, VE-62, verði eigi við komið í máli þessu, en dragstrengir voru ónýtir að mati hinna dómkvöddu matsmanna.

Eins og krafist er í ákæruskjali ber með vísan til 3. mgr. 17. gr. laga

nr. 81/1976 að gera allan framangreindan afla mb. Sigurbjargar, VE-62, upptækan til Landhelgisjórðs Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað máls þessa.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.
